

Félagi Halldór, Félagsmálaráðherra, ágætu félagar

Ég óska ykkur velgengni á þessum ársfundi og ég veit að hann verður giftudrjúgur í störfum sínum. Hér verður fjallað um margt sem á okkur brennur og nægir þar að nefna atvinnu- og kjaramál.

Síðast komuð þið hér saman til ársfundar fyrir ári síðan. Margt hefur á dagana drifið sem ég veit að verður hér til umræðu og umfjöllunar. Stærst í því sambandi eru trúlega kjarasamningarnir sem voru undirritaðir 7. mars síðastliðinn. Ég þarf ekki að fjalla efnislega um samningana – þið þekkið þá betur en ég. Ég vil hins vegar ræða lítillega um forsendur þeirra og hvernig horfir í þeim efnum. Í samningunum eru skilgreindar forsendur varðandi þróun verðlags og jafnframt uppsagnarákvæði í árslok 2005 og árslok 2006 ef forsendurnar ganga ekki eftir.

Nú liggur fyrir að verðlagsþróun hefur ekki verið með þeim hætti sem við hefðum óskað. Það er þó sýnu alvarlegra að gangi fjárlagafrumvarp ríkisstjórnarinnar eftir, stefnir í að verðlagsforsendur kjarasamninganna haldi ekki.

Fjárlagafrumvarpið gengur út frá meiri verðbólgu á árinu 2005 en kveðið er á um í forsendum samninganna. Svo virðist sem ríkisstjórnin hafi hreinlega misskilið kjarasamningsforsendurnar. Ég vil ekki trúa því að henni standi á sama um hvort þær halda eða ekki.

Annað atriði sem tengist fjárlagafrumvarpinu og ég vil víkja að fáum orðum eru fyrirhugaðar skattalækkanir upp á allt að 23 milljarða króna á kjörtímabilinu. Ég ætla ekki að fara mörgum orðum um þær hér– einungis árétta að við munum ekki sætta okkur við að niðurskurður á mótí tekjutapinu verði í velferðarkerfinu.

Ég minni jafnframt á þau góðu orð sem allir stjórn málaflakkar höfðu um tillögur okkar í velferðarmálum í aðdraganda síðustu þingkosninga.

Mér finnst að þær undirtektir hafi í litlu skilað sér.

Ég hlýt að vonast til þess að í umræðu og umfjöllun um fjárlagafrumvarpið verði þessir hlutir í frumvarpinu færðir til betri vegar.

Mig langar nú að víkja nokkrum orðum að málefnum útlendinga á íslenskum vinnumarkaði. Þau eru í mínum huga eitt af almikilvægustu viðfangsefnum okkar í verkalýðshreyfingunni á næstu árum.

Ég vil í upphafi taka af allan vafa um það að við erum ekki að amast við útlendingum í íslensku þjóðlífi. Við viljum hins vegar tryggja að útlendingar á íslenskum vinnumarkaði sitji við sama borð og annað launafólk. Við viljum jafnframt leggja okkar af mörkum til að tryggja stöðu þessa fólks að öðru leyti. Þá er ég að tala um þætti eins og húsnæðismál, tungumálakennslu og félagslega stöðu. Við viljum einfaldlega koma í veg fyrir að atvinnurekendur misnoti þessa félaga okkar með því að halda kjörum þeirra og aðbúnaði langt undir því sem almennt gerist, jafnvel langt undir lágmarkskjörum kjarasamninga.

Við höfum oft haldið því fram að fjöldi útlendinga á Íslandi sé hlutfallslega minni en í nágrannalöndunum. Síðustu árin hefur þróunin aftur á mótí verið með þeim hætti að þetta á ekki við lengur. Staðan hér er að verða mjög áþekkt að þessu leyti því sem við þekkjum frá hinum Norðulöndunum.

Það er þó fleira en fjöldinn sem skiptir máli. Reynslan segir okkur að stór hluti þeirra útlendinga sem hingað kemur sækir hingað til að vinna. Á hinum Norðurlöndunum er aftur á móti umtalsverður hluti þessa fólks með stöðu flóttafólks.

Þegar ríki tekur á móti flóttafólki undirgengst það ákveðnar skyldur. Þær skyldur sem við berum gagnvart fólki sem hingað kemur til að vinna eru ef til vill ekki jafn formlegar og skjalfestar og skyldur sem alþjóðasamningar og lög kveða á um varðandi móttöku flóttafólks. Ég held því aftur á móti fram að siðferðilegar skyldur okkar séu engu minni. Síðan er um að ræða lögverndaðan rétt og kjarasamninga sem gera það að verkum að þeir eiga að búa við sömu kjör og við. Okkur ber að gera allt sem við getum til að stuðla að því að þeir sem hingað koma samlagist samfélaginu og að þeim líði sem best. Í sumum nágrannalöndum er komin fram önnur kynslóð innflytjenda sem býr við bága stöðu. Þetta ber okkur með öllum tiltækum ráðum að koma í veg fyrir að gerist hér.

Í aðdraganda kjarasamninga – bæði í viðræðum við atvinnurekendur og stjórnvöld – lögðum við mikla áherslu á mál sem snúa að stöðu útlendinga á vinnumarkaði. Við töldum okkur ná bitastæðum árangri í viðræðum og þau viðbrögð sem við fengum voru mikilvægt innlegg í það að niðurstaða náðist í kjarasamningunum. Við gerðum samkomulag við Samtök atvinnulífsins sem meðal annars kallar á lagabreytingar. Ríkisstjórnin lýsti því yfir að hún ætlaði að tryggja að þær næðu fram að ganga.

Við stóðum í þeirri meiningu að lagalega hliðin yrði afgreidd í vor. Það gerðist ekki. Ráðherra lofaði því ítrekað í sumar að á fyrstu dögum haustþings yrði þetta frumvarp lagt fram. Þessum fyrstu dögum þings fer nú fækkandi og mér vitanlega bólar ekki á frumvarpinu. Sama gildir um reglugerð um atvinnuréttindi útlendinga sem átti að staðfesta snemmsumars. Hún hefur ekki enn verið staðfest. Ég treysti því að það dragist ekki lengur að hún verði staðfest.

Við höfum undanfarna daga og vikur orðið vitni að því að ráðist er að lögvernduðum lágmarksákvæðum kjarasamninga og að vinnulöggjöfin er brotin með því að atvinnurekandi hlutast til um félagsaðild launamanna sem hjá honum starfa og geri jafnvel að fortakslausu skilyrði fyrir ráðningu að starfsfólk standi utan stéttarfélaga. Og svo leyfa þessir menn sér að segja að þetta sé gert á grundvelli félagafrelsis. Hvílík öfugmæli.

Ég veit ekki hvort menn gera sér almennt grein fyrir því að hér er verið að takast á um grundvallaratriði. Ég ætla ekki að hafa um þetta mörg orð en lýsa þeirri skoðun minni að það er ótrúlegt að við skulum árið 2004 vera að glíma við sömu mál og við töldum að væri löngu búið að afgreiða – þannig að um væri sátt.

Hér er verið að takast á um lágmarksákvæði kjarasamninga, sem eru lögvarin. Það er verið að takast á um samskipti atvinnurekenda og launafólks á vinnumarkaði - og gleymum því ekki að eigandi Sólbaks og Brims er starfandi stjórnarmaður í LIÚ. Þar með ber hann ríka ábyrgð á að farið sé að settum leikreglum. Það er rétt að rifja það upp í þessu sambandi að það er ekki langt síðan félagar okkar í samtökum sjómanna – með Sjómannafélag Reykjavíkur í broddi fylkingar – stóðu í stríði vegna áhafna á íslenskum farskipum.

Þetta stríð stendur enn við sumar skipaútgerðir. Hver er staðan í dag? Áttu

menn von á því þegar þessi atburðarás hófst fyrir allmörgum árum að staðan yrði sú sem raun ber vitni í dag? Ég efa það. Ég dreg þetta fram til að benda á hliðstæðuna sem við stöndum hugsanlega frammi fyrir núna varðandi fiskiskipaflotann og þróunina á þeim vettvangi.

Á þessum tíma voru farskipaútgerðir augljóslega á höttunum eftir ódýrara vinnuaflí. Í dag snýst viðfangsefnið um það að koma í veg fyrir undirmálskjör á sumum þessara skipa. Eigum við eftir að sjá þessa sömu þróun verða á fiskiskipaflotanum? Og verður launafólk í landi næst í röðinni takist þessi aðför atvinnurekenda. Það er eðlilegt að menn spyrji: - Hver er næstur?

Það eru ýmis fleiri mál af þessum toga sem brenna á og munu verða viðfangsefni okkar á næstu árum. Ég ætla að láta vera að fjalla um mál við Kárahnjúka og ég ætla líka að láta vera að fjalla um málefni Iceland

Express – þó þar séu á ferðinni mál sem eiga það sameiginlegt með Brimsmálinu að snúast um grundvallaratriði í samskiptum á vinnumarkaði.

Það er mikilvægt að áréttu að það er ekki verkalýðshreyfingin ein sem hér ber ábyrgð. Það gildir líka um samtök atvinnurekenda og ekki síður stjórnvöld, sem bera ábyrgð á því að efla og treysta það samfélag sem við höfum byggt. Og þar með einnig þau réttindi launafólks og þær reglur og samskipti sem mótuð hafa verið á vinnumarkaði. Í stað þess að fjalla meira um þessi mál – þó til þess séu sannarlega ærin tilefni – ætla ég að víkja að jákvæðari málum – lífeyrismálunum sem eru til umræðu á þessum ársfundi. Íslenska lífeyriskerfið hefur sýnt og sannað að það er traust og gott. Til þess er horft víða utan úr heimi sem fyrirmyndar um hvernig lífeyriskerfi sem byggir á samtryggingu og kjarasamningsbundnum réttindum verði best fyrir komið. Ein af skýringunum á því hversu vel hefur tekist til, er að við höfum haft mjög öflugt samstarf um lífeyrismálin allt frá upphafi, launafólk og atvinnurekendur. Það hefur ekki síst lagt grunninn að þeirri víðtæku sátt sem ríkt hefur um fyrirkomulagið. Ég ætla ekki að rifja upp forsöguna – þar með talinn óróann sem ríkisstjórnin skapaði með eftirlaunafrumvarpinu og -ögunum rétt fyrir síðustu áramót. Ég ætla einungis að draga fram örfáar staðreyndir sem gera það að verkum að ástæða er til að staldra við.

Aldurssamsetning þjóðarinnar breytist stöðugt, örorkubyrði hefur aukist verulega, Íslendingar lifa lengur og þrátt fyrir góða ávöxtun nú um stundir, skulum við velta fyrir okkur ávöxtun til lengri tíma. Allt þetta gerir að verkum að við verðum að skoða málin ofan í kjölinn.

Við verðum einnig að fara ítarlega yfir verkaskiptingu almannatryggingakerfisins og lífeyrissjóðanna. Það samkomulag sem við gerðum í síðustu kjarasamningnum um að hækka iðgjald atvinnurekenda úr 6 í 8% á samningstímanum - liðkar auðvitað til í sambandi við útfærslur og gerir það að minnsta kosti að verkum að við getum í öllum aðalatriðum staðið við það sem við höfum lofað þrátt fyrir breyttar forsendur.

Ég hef oft haldið því fram að lífeyrissjóðakerfið á almennum vinnumarkaði sýndi okkur betur en flest annað hverju við fáum áor það þegar við stöndum saman. Í því kristallast sá grundvöllur sem verkalýðshreyfingin stendur á – sú grunnhugsun að við berum öll ábyrgð á velferðinni – ekki bara okkar eigin velferð, heldur berum við í sameiningu ábyrgð hvert á öðru. Látum þetta áfram vera leiðarljósið í umræðum okkar og vinnu varðandi lífeyriskerfið.

Það kom fram í máli Halldórs hér áðan að hann væri að hætta í forystuhlutverki í Starfsgreinasambandinu. Ef ég gef mér að hann sé í raun og veru að hætta – en gætum að

Því félagar að það er ekki kosið fyrir en eftir nokkra klukkutíma – þá vil ég nota þetta tilefni til að lýsa þeirri skoðun minni að þar hverfur af vettvangi einn þeirra einstaklinga sem er hvað sterkastur samnefnari fyrir þau félagslegu viðhorf sem hafa fleytt verkalýðshreyfingunni þangað sem hún er komin.

Slík viðhorf og félagsleg vitund hafa verið rauður þráður í gegnum öll hans störf í verkalýðshreyfingunni. Félagi Halldór – þrátt fyrir að þetta sé nú engin kveðjustund – hafðu þökk fyrir framlag þitt til baráttu íslenskrar alþýðu – og hafðu þökk fyrir frábæra viðkynningu. Hún hefur gefið mér mikið.

Félagar

Á þessum tímamótum vil ég segja þetta að lokum. Ef ykkur og okkur í verkalýðshreyfingunni auðnast að stunda þá list sem Halldór Björnsson hefur stundað af meiri kunnáttu en flestir aðrir – þá er framtíðin björt. Um leið og ég ítreka óskir mínar um velgengni á þessari samkomu, - þá skulum við hafa í huga að samstaða og baráttuhugur verkalýðshreyfingarinnar er mikilvægasta hreyfiaflið í baráttunni en einnig félagar; að samstaða og baráttuhugur skipta ekki bara máli fyrir ykkur hér – heldur alla félagsmenn verkalýðshreyfingarinnar og landsmenn alla.